

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir foreldrar, sem kunna að vera í fæðingarorlofi við gildistöku laganna og fá greiðslur samkvæmt nügildandi ákvæði 16. gr. almannatryggingalaga, skulu fá greiddan fæðingarstyrk og eftir atvikum fæðingardagpeninga í samræmi við lög þessi frá gildistöku þeirra þannig að samfelldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingar verði fjórir mánuðir. Þegar lenging fæðingarorlofs kemur til framkvæmdar skulu þeir foreldrar, er þá fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, einnig njóta lengingarinnar.

Gjört í Reykjavík, 31. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nr. 60

BRÁÐABIRGÐALÖG

14. apríl 1987

**um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð,
Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að sá aðdragandi að skipun Vísindaráðs sem gert er ráð fyrir í nýsettum lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð mundi að óbreyttu valda verulegri röskun á vinnu að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði á þessu ári. Til þess að úthlutunaraðilar geti lokið störfum sínum í tæka tíð með óskertu umboði beri því brýna nauðsyn til að seinka gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí n.k.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Fyrri málslíður 1. málsg. 23. gr. laga nr. 48 19. mars 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.